

# Fundargerð 1. fundar

## Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Fundarsalur Þingborg  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 13. september 2022  
**Fundartími:** 16:30 – 18:15

### Dagskrá:

1. Erindisbréf nefndar
2. Fundarskipulag
3. Kosning varaformanns og ritara
3. Kynning á ráðstefnu um nýsköpun og tækifæri í landbúnaði
4. Önnur mál

#### 1. Erindisbréf nefndar:

Nefndin gerir eftirfarandi athugasemdir við drög að erindisbréfi nefndarinnar:

- Nefndin leggur til að í fyrstu málsgrein verði tekin út eftirfarandi setning: „Nefndinni er einnig ætlað að hafa frumkvæði að tillögugerð á sviði landbúnaðar- og atvinnumála til sveitarstjórnar. „ Endurtekning á fyrri setningu.
- Nefndin óskar eftir að „Að starfa náið með búnaðarfélögum í sveitarfélaginu“, verði tekið út úr lista yfir hlutverk nefndarinnar. Búnaðarfélögin eru hagsmunaaðilar sem falla þá undir síðasta lið hlutverks nefndarinnar. Nefndin sér ekki fyrir sér með hvaða öðrum hætti náið samstarf ætti að vera með búnaðarfélögum.
- Nefndin leggur til að erindisbréfið sé tölusett svo einfalt sé að vísa til einstakra liða.
- Nefndin óskar eftir að undir liðinn „Lög og Reglugerðir“ verði vísað til helstu laga og reglugerða sem gilda um málaflokkana sem undir nefndina heyra. Sömu leiðis upplýsingar um helstu samninga og/eða samstarf við önnur sveitarfélög sem við eiga.

#### 2. Fundarskipulag

Eftirfarandi fundartímar voru ákveðnir fyrir nefndina. Fundirnir verði öllu jöfnu haldnir í fundarsal sveitarfélagsins í Þingborg.

- Miðvikudagur 12. október kl. 16:30
- Miðvikudagur 16. nóvember kl. 16:30
- Miðvikudagur 18. janúar kl. 16:30
- Miðvikudagur 15. mars kl. 16:30
- Miðvikudagur 19. apríl kl. 16:30

#### 3. Kosning varaformanns og ritara

Nefndin samþykkti eftirfarandi hlutverkaskipti

- Ritari: Björk Guðbjörnsdóttir
- Varaformaður: Guðmundur Bjarnason

#### 4. Kynning á ráðstefnu um nýsköpun og tækifæri í landbúnaði

Dagskrárliðnum var frestað til næsta fundar.

#### 5. Önnur mál

Nefndin óskar eftir upplýsingum um “atvinnurekandalista“ sveitarfélagsins sbr. Fundargerðir Atvinnu- og umhverfisnefndar síðasta kjörtímabils. Einnig ef tiltæk er tölfræðisamantekt yfir atvinnustarfsemi og atvinnuþáttöku í sveitarfélaginu. T.d. fjöldi starfa í mismunandi starfsgreinum í sveitarfélaginu og skiptingu atvinnuþáttöku innan/utan sveitarfélagsins.

*Guðmundur Bjarnason*  
*Björk Guðbjörnsdóttir*